



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargötu 7
B.t. skrifstofu skattamála
101 REYKJAVÍK
postur@fjr.is

Reykjavík, 15. 07.2019
Tilvísun vor: M-2018-294/00.11

Efni: Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja (Ívilnanir vegna vistvænna ökutækja o.fl.) -S-163/2019

Vísað er til máls nr. S163/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum. Landsvirkjun þakkar tækifærið til að koma að sjónarmiðum fyrirtækisins í þessu efni og fagnar þeim breytingum sem nefndar eru í áformum um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skattlagningu ökutækja. Ljóst er að stórvægilegar breytingar þurfa að eiga sér stað í samgöngum á Íslandi til að bregðast við loftslagsbreytingum og ná markmiðum Parísarsamkomulagsins en áformaðar lagabreytingar munu hvetja enn frekar til orkuskipta hjá bæði bílaleigum og einstaklingum.

Hvað varðar áformaðar lagabreytingar vísar Landsvirkjun til skýrslu starfshóps um skatta á ökutæki og eldsneyti 2020–2025, dagsett 17. ágúst 2018, en í henni eru að finna margar tillögur sem afar brýnt er að framkvæma hið fyrsta og gera ráð fyrir í lögum um skattlagningu ökutækja. Landsvirkjun vill nefna þar sérstaklega tillögur er varða þungabifreiðar, sem losuðu um 20% af útstreymi frá vegasamgöngum árið 2017 en njóta ekki þeirra ívilnana sem miða að fólksbílum. Mikill ávinningur er af því að hvetja fyrirtæki og framkvæmdaaðila til orkuskipta og er nauðsynlegt að mynda hvata fyrir slíka aðila til fjárfestingar á nýrri og grænni tækni.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson